

○ Skýrsla um starfið 2003-4

Stjórn Eta-deildar skipa: Brynhildur Anna Ragnarsdóttir formaður, Gerður Guðmundsdóttir varaformaður, Magnea Ingólfsdóttir ritari og Kristín Ágústa Ólafsdóttir gjaldkeri.

Starfið í Eta deild hefur gengið samkvæmt áætlun í vetur og það sem af er vetri hafa verið haldnir fjórir fundir. Fundir verða sex með aðalfundi sem haldinn verður í apríl. Þema vetrarins er *Rannsóknir kvenna* og er markmiðið að kynna nýjar rannsóknir sem konur standa að á sviði menntamála. Á undanförnum árum hafa Eta-systur tekist á við fjölbætt og fróðleg verkefni sem áhugvert er að fá innsýn í. Flestir fyrirlesarar vetrarins eru því úr Eta-deild.

Undanfarin ár hefur sá háttur verið hafður á í deildarstarfinu að konum hefur verið skipað í hópa sem hafa það hlutverk að taka þátt í undirbúningi funda og annast framkvæmd þeirra. Ein kona úr stjórn er í hverjum hópi og er hlutverk hennar að vera tengiliður hópsins við stjórnina. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og skapar góð tengsl og gagnkvæm kynni meðal félagskvenna.

Fyrsti fundurinn var haldinn 9. október með Epsilon deild á Suðurlandi í Heilsustofnuninni í Hveragerði. Fyrirlesari kvöldsins var Dr. Hafdís Ingvarsdóttir í Eta-deild og lektor við Háskóla Íslands. Kynnti hún hluta úr doktorsritgerð sinni sem hún nefndi: *María - brot úr lífsögu*.

Annar fundur var haldinn mánudaginn 10. nóvember. Fundurinn var haldinn í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu og var fyrirlesari kvöldsins Guðrún Geirsdóttir, lektor við Háskóla Íslands og félagskona í Eta-deild. Erindið nefndi hún: *Að fóta sig í fræðimennsku og rannsóknnum* og tengist doktorsverkefni sem hún vinnur að.

Þriðji fundurinn, sem jafnframt var jólafundur, var haldinn 3. desember í húsnæði KHÍ í Skipholti. Hann var með hefðbundnu sniði. Stefanía S. Stefánsdóttir, aðjúntkt við KHÍ, hafði að venju búið fundinum hlýja og jólalega umgjörð. Konur snæddu jólamat saman og hlustuðu á upplestur Þráins Bertelssonar sem las upp úr bók sinni *Einhvers konar ég*.

Fjórði fundur vetrarins var haldinn á loftinu í Alþjóðahúsinu 2. febrúar síðastliðinn. Á þeim fundi flutti Hrafnhildur Ragnarsdóttir sérkennari erindi sem hún nefndi *Snertifletir mínir við uppeldi og menntun. - Staða og möguleikar fólks með þroskahamlanir*.

Fimmti deildarfundur vetrarins er fyrirhugaður 3. mars nk. og verður hann haldinn á veitingastaðnum Horninu. Á þeim fundi mun Eta-systir Dr. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir lektor við Háskóla Íslands kynna okkur efni úr doktorsritgerð sinni sem hún varði 9. febrúar síðastliðinn. Nefnir hún erindi sitt *Uppgötvunarnám eða vettvangsnám í náms- og starfsfræðslu. Hvor aðferðin hefur meiri áhrif á starfshugsun?*

Sjötti fundur aðalfundur deildarinnar verður svo í apríl. Stjórnarskipti í deildinni hafa á undanförunum árum ekki verið í samræmi við þær reglur sem almennt er farið eftir í samtökunum. Á komandi aðalfundi verður þessu kippt í liðinn og því vikur núverandi stjórn fyrir nýrri eftir aðeins eins árs setu.

Reykjavík febrúar 2004

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir